

Aðalfundur Eikar fasteignafélags hf.

Upplýsingar um atkvæðagreiðslu

Þeir hluthafar sem ekki sækja aðalfund Eikar fasteignafélags hf. 25. mars 2021 geta greitt atkvæði með eftirfarandi hætti:

Umboð:

Hluthafar geta veitt öðrum aðila umboð til að mæta á aðalfundinn. Þeir sem hyggjast veita öðrum aðila umboð skulu fylla út umboðseyðublað, undirrita og votta. Umboðsmaður framvísar umboðinu fyrir upphaf aðalfundar eða sendir það rafrænt á netfangið **stjornun@eik.is** og fær síðan afhent fundargögn við upphaf fundarins.

Umboðseyðublað má nálgast á **www.eik.is/hluthafar**.

Atkvæðaseðill bréflega:

Hluthöfum er jafnframt gefinn kostur á að greiða atkvæði um mál, sem eru á dagskrá aðalfundar, bréflega, sbr. 80. gr. a. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Hluthafar skulu þá gera grein fyrir afstöðu sinni til tillagna á aðalfundinum og skulu þá atkvæðaseðlar þeirra fylltir út samkvæmt því. Atkvæðaseðill skal fylltur út greinilega (þ.m.t. skal tilgreina fjölda hluta sem hluthafi á í félaginu), vera undirritaður og vottaður af tveimur vottum.

Atkvæðaseðil má nálgast á **www.eik.is/hluthafar**.

Fyrrgreindan atkvæðaseðil má einnig senda félaginu með rafrænum hætti á pósthfangið **stjornun@eik.is**.

Hluthafar þurfa að fylla atkvæðaseðilinn út greinilega og í samræmi við framangreint. Atkvæðaseðill sem uppfyllir ekki skilyrðin verður metinn ógildur. Atkvæðaseðill sem sendur er bréflega eða á framangreint netfang þarf að berast í síðasta lagi einni klukkustund fyrir upphaf aðalfundarins.